

Bekkjarnámskrá 1. bekkur

Skólaárið 2025- 2026



Almennt um kennslu í 1. bekk

Í 1. bekk í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum eru að skapa heildiræna kennslu þar sem virðing fyrir hinu litla barni er í hávegum höfð. Að kennslan styðji við það að barnið tengist sjálfu sér og umheimi sínum og geti notað krafta sína á sjálfstæðan hátt, þegar fram líða stundir. Á þessum árum er mest unnið með „viljakraftana“, þ.e. lært út frá því að framkvæma og í gegnum það ná til hugsana kraftanna.

Til að ná þessum markmiðum hafa dagarnir, vikurnar og árið sína reglubundnu hrynjandi sem tengist árstíðunum. Börnin fá tilfinningu fyrir deginum, vikunni, fyrir árstíðunum og hvíla í þessari hrynjandi. Leitast er við að námið sé ríkt af aha-upplifunum og handföstum verkefnum sem alltaf tengjast barninu og nærheimi þess.

Í 1. bekk skiptist dagurinn í morguntíma og millitíma þar sem hver dagur hefur sitt þema.

Tímabil	Lýsing	Hæfniviðmið
18.8. – 12.9.	Morgunhringur Í morgunhringnum byrjum við alltaf á að fara með sama morgunversið. Að því loknu er farið með þulur, farið í fingra leiki, sungið og leiknir hringleikir eða stuttir hlutverkaleikir með söng. Einnig getur komið fyrir að við spilum á hljóðfæri (littlar lírur, ásláttarhljóðfæri, flautur), tókum nuddhring, slökun, spjall og hlustun. Frásagnir Frásagnir eru stór hluti af kennslunni. Sögð eru klassísk ævintýri s.s. íslensk ævintýri, Grimms Ævintýri og hin norsku ævintýri Asbjørnsen og Moe, öll valin með tilliti til aldur barnanna. Einnig eru sögð romsu-ævintýri og ævintýri tengd hátíðum/árstíðum. Eða frumsamdar sögur tengdar upplifun kennarans, stemningu í barnahópnum eða beint út frá sköpunarkraftinum.	Að barnið: • tekur virkan þátt í fjölbreyttri efnisskrá með söngvum, leikjum, rímum, fingraleikjum og dönsum • þjálfir félagslega færni, að geta verið miðpunkturinn og geta haldið sig til hlés, segja frá og hlusta • geti sagt frá einhverju sem þeir hafa áhuga á, hafa upplifað eða hugsað um geti gefið og tekið við skilaboðum. • geti fylgt þekktum reglum fyrir leiki og önnur sameiginleg verkefni • geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum Eins og við á: • geti endurtekið skýrt texta úr versum og ljóðum • geti farið með texta fyrir samnemendur, • heyri og geti endurtekið fjölda atkvæða og aðra hrynjanda í tungumálinu, skipt út hljóðum, fundið rímorð • geti leikið orð með látbragði og giskað þegar aðrir túlka með látbragði, • geti hermt eftir einföldum tóktum og laglínunum • geti búið til og spilað einfaldar laglínur á hljóðfæri, • læri og geti flutt lög og vers á öðrum tungumálum en íslensku, sér í lagi öðrum norrænum tungumálum og tungumálum sem eiga sér fulltrúa á meðal nemenda í bekknum, • geti tekið þátt í hreyfingu sem reynir á öll skilningarvit, þjálfir fín- og grófhreyfing og styrkir samhæfingu

	Kennarinn lærir ævintýrin/sögurnar utan að og segir börnunum þau frá hjartanu. Hann tengist þannig efninu sjálfur og færir börnunum það milliliðalaust. Hann segir frá með hlutlausri, eðlilegri rödd og sér sjálfur fyrir sér innri myndir ævintýrsins á meðan hann segir frá. Stundum fléttast hljóðfæri eða hreyfingar inn í frásögnina. Einstaka sinnum eru notaðar dúkkur á borði við frásögnina, t.d. á Marteinsmessu, þegar þau heyra luktar-ævintýri. Tvisvar á árið setja börnin upp leiksýningu byggða á jólasögu/páskasögu sem þau velja í samvinnu við umsjónarkennara. Leikritið er sýnt á jóla- / páskaskemmtunni. Á þennan hátt fá nemendur tækifæri að tengja og dýpka kennsluefninu á listrænan hátt, í gegnum vers, söng, tónlist, hreyfingu og tal	Að barnið: • geti hlustað á frásagnir kennara og samnemenda • geti endursagt söguþráð í frásögnum og dregið fram hvað þeim sjálfum þykir mikilvægast • upplifi og máti ómeðvitað í gegnum frásögnina stereótýpur ævintýranna og alla þá mismunandi eiginleika sem þær búa yfir. • spegli sig ómeðvitað í öllum þessum eiginleikum, sem búa í okkur, og upplifi sterkt sigur réttlætis, innri fegurðar og góðsemi yfir óæðri eiginleikum. Að þau þannig upplifi ómeðvitað vísdom hinna fornu ævintýra sem áður fyrr varðveittust frá gleysku með munnlegri frásögn kynslóða á milli. • samsami sig heimi þar sem allt er hægt, verkefnin eru krefjandi, erfiðleikar steðja að, mistök eru gerð en allt gengur vel að lokum. • upplifi ævintýrið og það lífi áfram ríkt innra með þeim. • njóti þess að heyra sögur og ævintýri og öðlist stærri og ríkari hugmyndaheim Eins og við á: • geti leikið hlutverk í einföldum leikspuna og leikritum • taki þátt í að móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik
Nestisferðir		
Mánudagar	Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans. Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi er skoðað. Gengið er á Selfjall þar sem kletturinn Kista er	Að barnið: • geti búið sig til útiveru með tilliti til veðurs • geti tekið þátt í vettvangsferðum í nærumhverfinu • þjálfí hreyfing, úthald og þol

	skoðaður.	• þekki tré, plöntur, dýr, fugla og skordýr í nærumhverfi skólans • þekki og noti staðarnöfn, götunöfn, nöfn bæja og annarra staða í nærumhverfinu
Málun		
Þriðjudagar	Á þessum aldri er einungis málað með lífrænum vatnslitum á rakan málningapappír. Kennarinn velur hverju sinni 1-3 liti til að nota við hvert verkefni. Verkefnin eru ýmist frjáls eða skipulögð. Verkefnin ganga m.a. út á upplifun á samspili litanna (stundum eru þeir feimnir og þora ekki að snertast, stundum leika þeir saman), upplifun á líkum litum eða andstæðum, upplifun á einkennum litanna, mismunandi stærð forma, lögun þeirra og samsetningu. Einstaka stýrð verkefni út frá hátíðum, s.s. lukt úr máluðum pappír á Marteinsmessu.	Að barnið: • upplifi litina og hvernig þeir tala saman. Karakter þeirra, fegurð og blöndun þeirra og/eða samspil. • þjálfist í meðferð penslanna, notkun, tækni og frágangi.
Bakstur og matreiðsla		
Miðvikudagar	Einu sinni í viku er bakað brauð sem bekkurinn borðar í bitann í lok dagsins. Einnig er matreitt fyrir hátíðir, svo sem bökuð lúsiubrauð, strokkað smjör fyrir drekabrauð á Mikjálsmessu og smákökubakstur fyrir jólin. Börnin taka öll þátt í frágangi, umsjónarmenn sjá um að þrifa borð og gólf undir leiðsögn kennara.	Að barnið: • upplifi matreiðslu sem hluta af lífinu og tekur þátt í öllu ferlinu; að búa til deig, matreiðslunni sjálfri og að njóta afrakstursins og frágangs. • upplifi og taki þátt í matreiðslu sem tengist þeirra hvunndegi svo og hátíðardögum. • noti fingurna (snertiskynið) og þjálfist í að baka brauð. • upplifi ferli, t.d. hvernig gerið virkar/súrdeig, strokka smjör. • geti notað mál og vigt í samhengi við uppskriftir og matargerð

- fari eftir reglum um gott hreinlæti og viti af hverju það er mikilvægt
- geti lagað hollan, staðgóðan og næringarríkan mat úr einföldu hráefni,
- geti gaumgæft hvernig ólík hráefni og matvörur bragðast
- geti unnið í litlum hóp með öðrum börnum

Handverk

Fimmtudagar

Unnið er með hin ýmsu verkefni sem tengjast árstíðum og hátíðum.

Garðyrkja: Við búum til sultu úr berjunum sem börnin tína í byrjun skólaársins og súrkál úr grænmeti sem börnin uppskera í skólagörðum. Einnig eru týnd blóm, jurtir í te og laufblöð í haustskraut.

Tálgun: Börnin ná í efnivið í skóginum og tálga sverð fyrir drekaleikinn.

Luktahátíð: Börnin mála, föndra og ólíubera sína eigin lukt.

Jólagjafir: Börnin steypa bývaxkerti og þæfa jólakúlu.

Handavinna: Eftir áramót fá börnin að kynnast ullinni og taka þátt í heildrænu ferli frá skepnu að ull sem er svo notuð til að þæfa sessur fyrir nestisferð. Ullin er einnig notað í puttaprjón og að vefa.

Bollu- og Öskudagur: krakkarnir búa til bolluvönd og sauma öskupokar

Leir: Börnin leira skálar sem páskagras er sáð í

Garðyrkja: Börnin taka þátt í að sá blóm og

Að barnið:

- tekur virkan þátt í fjölbreyttum verkefnum með mismunandi efnivið eins og leir, pappír, ull, timbur eða bývax
- þjálfir úthald, vinnusemi, þolinmæði og vinnubrögð með því að framkvæma

Eins og við á:

- öðlist reynslu í að kemba, spinna og þæfa,
- nái tökum á einföldum handsaumi og geti notað hann til að búa til hagnýta hluti,
- geti ofið og notað afraksturinn í hagnýta hluti,
- hafi sáð og annast plöntur í hringrás vaxtarferlisins,
- sinni fjölbreyttum verkefnum í matjurtagarði skólans.

	grænmetisplöntur fyrir skólagarðinn	
Teikning		
Föstudagar	Í tengsl við ævintýrafrásögn er teiknað einu sinni í viku. Innihald mynda er rædd við nemendur í undirbúningi og stundum teiknað á töflu í grófum dráttum. Í tímanum er þá myndin unnin sjálfstætt af nemendunum og kláruð. Oftast er notaður A3 pappír og vaxlitir.	Að barnið: • geti tjáð innri upplifanir, ímyndanir og einkennandi eiginleika námsefnisins í sjálftæðum teikningum • upplifa uppbyggingu málverksins í gegnum eigin sköpun.
Lífsleikni		
Allt árið	Waldorfskólum er lífsleikni mjög mikilvæg. Lífsleikni er ekki kennd sem fag heldur fléttast óhjákvæmilega í gegnum allt nám í skólanum. Hún fær fyrst og fremst að þroskast í gegnum það að framkvæma. Gegnum skólareglurnar, með því að hafa góðar fyrirmyndir, eftirfylgni og árvekni kennara. Í 1.bekk eru umsjónarmenn að leggja á borð, kveikja á kertunum, taka af borði, þrifa borð og sópa. Vökva blóm, hugsa um hæurnar og hringja inn í tíma.	Að barnið: • læri umgengni skólasamfélagsins • læri að þekkja ýmsar tilfinningar, t.d. gleði, sorg og reiði -átti sig á tilgangi leikreglna í leikjum og samskiptum • geti tjáð sig við samnemendur og kennara -öðlist færni í samvinnu -læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi

	Hlustun þjálfast m.a. í morgunhringnum, við matarborðið, í tímum þar sem rétta skal upp hönd þegar talað er. Félagsþroski þjálfast allan daginn hjá börnunum, mest í frjálsum leik þar sem reglan er að allir megi vera með. Kennarinn er leiðbeinandi þegar kemur að lausn vandamála, en einungis ef þarf. Börnin fá næg tækifæri til þess að spreyta sig á þessu mikilvæga þroska. Mánudagsgöngur, drekavikan, þemadagar, Ólympiuleikar, sem og hátíðarföndur og hátíðir sjálfar eru til þess fallnar að börnin læri samvinnu þvert á árganga, samhengi, samúð og að hér hjálpist allir að við það sem gera þarf.	
--	--	--